

**2006 nr. 60 14. júní****Lög um varnir gegn fisksjúkdómum**

Tóku gildi 1. júlí 2006. Breytt með l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 81/2008 (tóku gildi 1. júlí 2008).

**I. kafli. Markmið, gildissvið, skilgreiningar og stjórn-sýsla.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að vernda lífríki vatna, vatnafisk og lagardýr sem alin eru í eldisstöð á landi eða í sjó með því að sporna við sjúkdómum og sníkjudýrum.

**■ 2. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings fisks og hrognna á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt [og laga um fiskeldi].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2008, 6. gr.

**■ 3. gr. Skilgreiningar.**

□ Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur*: Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.

2. *Eldisdýr*: Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upp-runalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

3. *Fiskeldi*: Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í sóltu eða ósóltu vatni.

4. *Fiskeldisstöð*: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.

5. *Fiskrækt*: Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.

6. *Fiskstofn*: Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.

7. *Fiskur*: Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.

8. *Geldstofn*: Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

9. *Göngusilungur*: Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

10. *Hafbeit*: Slepning gönguseiða til sjögöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.

11. *Lagardýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.

12. *Laxastofn*: Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.

13. *Sjávarfiskur*: Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.

14. *Sjór*: Salt vatn utan ársos.

15. *Straumvatn*: Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

16. *Stöðuvatn*: Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

17. *Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

18. *Vatnadýr*: Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

19. *Vatnafiskur*: Lax (*Salmo salar*), silungur (urriði (*Salmo trutta*), bleikja (*Salvelinus alpinus*) og regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*)), áll (*Anguilla anguilla*) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

20. *Vatnasilungur*: Silungur sem elur allan aldur sinn í ósóltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

21. *Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

22. *Villtur fiskstofn*: Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

**■ 4. gr. Stjórnsýsla.**

□ [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórn-sýslunnar er að öðru leyti í höndum [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

□ [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> til ráðgjafar við framkvæmd laganna er fisksjúkdómanefnd. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> skipar fimm manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Var-menn skulu skipaðir með sama hætti. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> skal hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómaramann-sóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í lögum þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr.

**II. kafli. Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.****■ 5. gr. Innflutningur lifandi ferskvatnsfiska.**

□ Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósóltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognna og svilja, gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra. Óheimilt er að sleppa í veiðivatn lifandi fiskum, lagardýrum eða vatnablöntum sem fluttar hafa verið til landsins.

**■ 6. gr. Um innflutning skrautfiska.**

□ [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> er heimilt að leyfa innflutning skrautfiska og hrognna þeirra með þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru svo að markmið laga þessara náist. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli þar að lútandi.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr.

**■ 7. gr. Tímabundin viðkoma vegna flutnings á fiski.**

□ Ef fiskur er fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi skal sá flutningur fara fram undir eftirliti [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> og hlíta þeim fyrirmælum sem stofnunin setur. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um slíkan flutning.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr.

**■ 8. gr. Sóthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar.**

□ Skylt er að sóthreinsa veiðitæki, veiðibúnað, báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið, enda liggi ekki fyrir fullnægjandi vottorð, að mati [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> um að búnaðurinn hafi verið sóthreinsaður erlendis. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd og eftirlit með sóthreinsun

samkvæmt grein þessari. [Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>1)</sup> getur falið tollyfirvöldum framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr.

■ **9. gr. Innflutningur á dauðum fiski.**

□ [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> er rétt að banna innflutning á dauðum fiski, ferskum eða frystum, ef ástæða þykir til, t.d. vegna hættu á sjúkdómum og sníkjudýrum í vatnafiski. Slík fyrirmæli [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr.

III. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **10. gr. Viðbrögð vegna sjúkdóma og sníkjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.**

□ Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða sníkjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir fongum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr.

■ **11. gr. Setning reglugerða.**

□ Ráðherra skal, að höfðu samráði við [Matvælastofnun],<sup>1)</sup> fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun og erfðanefnd landbúnaðarins, eftir því sem við á, setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.<sup>2)</sup>

□ Í reglugerð skal mælt fyrir um skilyrði innflutnings lifandi fisks, hrogna og svilja þar sem m.a. skal kveðið á um að fyrir hendi sé heilbrigðisvottorð og að fisksjúkdómanefnd mæli ekki gegn slíkum innflutningi. Þá skal nánar mælt fyrir um sóttgreinsun hrogna, fláta og umbúða innfluttra fiska, sem og meðferð þeirra að öðru leyti. Enn fremur skal í reglugerð mælt fyrir um framkvæmd sóttgreinsunar veiðibúnaðar. Jafnframt skal kveðið á um nánari skilyrði sem [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> getur sett fyrir innflutningi á dauðum fiski.

□ Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaaðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr. <sup>2)</sup> Rg. 448/2005, sbr. 711/2006. Rg. 449/2005, sbr. 712/2006. Rg. 739/2006. Rg. 740/2006. Rg. 741/2006. Rg. 1254/2008, sbr. 303/2009.

IV. kafli. Refsi- og gildistökuákvæði.

■ **12. gr. Um refsingar.**

□ Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári brjótí hann gegn ákvæðum 7. gr. af ásetningi eða gáleysi. Það varðar sömu refsingu brjótí maður af ásetningi eða gáleysi fyrirmæli [Matvælastofnunar]<sup>1)</sup> skv. 9. gr. um bann við innflutningi á dauðum, ferskum eða frystum fiski.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 79. gr.

■ **13. gr. Gildistaka o.fl.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. ...

□ ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um [fiskeldi].<sup>1)</sup> Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er löggin varða helst. Nefndin skal skipuð af [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> og í henni sitja [tólf]<sup>1)</sup> fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landsambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, [Matvælastofnun],<sup>2)</sup> Fiskistofu, umhverfisráðuneyti, [Hafrannsóknastofnuninni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga].<sup>1)</sup> Þá skipar [sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra]<sup>2)</sup> einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. [Sker atkvæði formanns úr ef ágreiningur verður í nefndinni].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/2008, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 79. gr.